




**Háskóla- og Háskólasæti
Vestfirðna**
University Centre
of the Westfjords

Háskóla- og Háskólasæti Vestfirðna

2005 – 2020





Háskóla Vestfirðinga
Suðurgötu 12
400 Ísafjörður
Sími: 450 3040
www.uw.is
info@uw.is

Harpa Grímsdóttir

Stjórnarformaður



Háskólasetur Vestfjarða var stofnað árið 2005 og fagnar því 15 ára afmæli. Markmiðið í upphafi var að hækka menntunarstig á Vestfjörðum ásamt því að stuðla að jákvæðri byggðaþróun og jákvæðari ímynd landshlutans, jafnt innanlands sem utan.

Háskólasetrið hefur unnið að þessum markmiðum á ýmsan hátt. Starfsemin hefur þróast og setrið hefur fest sig í sessi. Háskólasetrið hefur haldið utan um fjarnema í háskólanámi á Vestfjörðum, haldið sumarnámskeið í íslensku fyrir erlenda háskólanema á Íslandi og sinnt mörgum öðrum háskólatengdum verkefnum.

Fljótlega var einnig ákveðið að setja á laggirnar námsleið á meistarastigi í haf- og strandsvæðastjórnun. Sú ákvörðun hefur reynst heilladrjúg, vel var vandað til verks frá upphafi og byggð var upp vönduð námsleið sem byggir á sérkennum svæðisins. Árið 2019 var bætt við annarri námsleið í sjávarbyggðafraeðum. Námið er kennt í lotum og vel hefur gengið að fá hæfa kennara og fræðimenn, bæði innlenda og erlenda, til þess að kenna námskeiðin. Sumir þeirra eru á meðal færustu fræðimanna í sínu fagi í heiminum og margir þeirra koma á hverju ári og kenna sömu námskeiðin. Námsmannahóparnir hafa verið sterkir og þéttir og brottfall hefur verið lítið. Samtals hafa 171 útskrifast með meistaraþráðu á þessum árum og um 50 til viðbótar eru í námi núna. Háskólasetrið hefur því ekki aðeins haft jákvæð áhrif á samfélagið á Vestfjörðum með því að laða að ungt og vel menntað fólk, heldur eflir það háskólaumhverfið á Íslandi og leggur heilmikið til þeirra fræðigreina sem þar eru stundaðar.

Eins og stundum vill verða þegar öflug starfsemi er orðin rótgróin, þá byrjar hún að hlaða utan á sig eins og snjóbolti. Sem dæmi um það má nefna að Háskólasetrið hefur á undanförunum árum verið í samstarfi við SIT-háskólann í Vermont. Í tengslum við þetta samstarf hafa ný störf skapast og námsmönnum fjölgað á svæðinu.

Á allra síðustu árum hafa rannsóknir við Háskólasetrið eflst hratt. Styrkir hafa fengist til rannsóknaverkefna, ritrýndum greinum í nafni Háskólaseturs hefur fjölgað og stofnuð hefur verið staða rannsóknastjóra. Þessi þróun er í samræmi við stefnumótun Háskólaseturs sem unnin var í janúar 2020 af starfsmönnum, stjórnarmönnum og aðilum Háskólaseturs. Helstu niðurstöður þeirrar vinnu voru að hlúa vel að því sem þegar er til staðar, auka sýnileika setursins, efla rannsóknir, efla samstarf við rannsóknastofnanir á svæðinu og leiða rannsóknasamfélagið á Vestfjörðum.

Það er bjart framundan hjá Háskólasetri Vestfjarða og það hefur verið gæfa stofnunarinnar að ná í gott starfsfólk, öfluga nemendur og vinna í samfélagi þar sem margir hjálpast að við að efla starfsemina með ráðum og dáð.

Peter Weiss

Forstöðumaður



Þegar horft er yfir síðastliðin fimm ár sést glögglega að margt hefur áunnist. Námsleiðin í Haf- og strandsvæðastjórnun stendur í blóma og hefur fjöldi útskrifaðra nemenda frá árinu 2015 farið úr 69 í 171.

Árið 2016 kemur bandaríski samstarfsskólinn SIT inn með misserisnám og 2018 þróa skólinn í samstarfi við Háskólasetrið sitt fyrsta meistaranám. Nemendur námsleiðarinnar fást við loftslagsbreytingar og rímar innihald SIT-námsins því vel við annað meistaranám hjá Háskólasetrinu. Árið 2018 er undirritaður endurnýjaður og umfangsmeiri samningur við HA um fullgildingu náms og árið 2019 fer nýja námsleiðin í sjávarbyggðafræði af stað. Til lengri tíma er henni ætlað að tvöfalda námsmannafjöldann – með tilheyrandi umsvifum, bæði hagrænum og vísindalegum.

Eftir nokkur ár með litla starfsmannaveltu hafa á undanförunum árum verið nokkrar breytingar í lykilstöðum Háskólasetursins, í starfi fagstjóra Haf- og strandsvæðastjórnunar 2016 og 2020, kennslustjóra 2018 og 2020 auk þess sem nýr fagstjóri Sjávarbyggðafræða var ráðinn 2019. Árið 2020 var svo stofnuð ný staða Rannsóknarstjóra. Vel hefur gengið að manna stöður og eru nú 45% fastra stöðugilda mannaðar af doktorsmenntuðu starfsfólki. Það er hátt hlutfall hjá lítilli stofnun við ysta haf. Vissulega eru bara sjö föst stöðugildi við Háskólasetrið, en með útvistuðum störfum, stundakennurum og stöðugildum með utanaðkomandi fjármagni verða það 17,8 stöðugildi. Þessi umsvif ásamt um 50 nemendum hverju sinni setja svip sinn á daglegt líf í Háskólasetrinu og gera það að líflægum og skemmtilegum vinnustað.

Töluverðar framkvæmdir hafa verið í Vestrahúsinu á árunum 2019 og 2020 og þótt Háskólasetrið hafi ekki stækkað í fermetrum, hentar húsnæðið nú starfseminni töluvert betur. Hefur til að mynda skrifstofurými fyrir stundakennara og fyrir rannsóknarmenn stækkað verulega.

Háskólasetrið hefur árum saman verið lítil stofnun í örum vexti. Stofnunin gengur nú inn í nýtt skeið, þar sem í forgrunni verða aðgerðir til að besta og festa í sessi það sem hefur áunnist. Nú þegar námsleiðin í sjávarbyggðafræði er komin af stað hefur innra starf verið sett á oddinn. Á aðeins einu ári hefur verið tekið í notkun nýtt námsumsjónarkerfi, nýtt kennsluumsjónarkerfi og skjalavistunarkerfi. Allt er þetta lítt sýnilegt út á við en afar mikilvæg skref til að festa starfsemina í sessi með það markmið að vera Vestfjörðum til gagns og íslensku háskólaumhverfi til sóma.

Stofnaðilar Háskóla­seturs

Háskóli Íslands
Háskólinn í Reykjavík
Háskólinn á Akureyri
Viðskiptaháskólinn á Bifröst
Landbúnaðarháskóli Íslands
Háskólinn á Hólum
Listaháskóli Íslands
Hafrannsóknastofnun
Matís
Veðurstofa Íslands
Náttúrustofa Vestfjarða
Ísafjarðarbær
Bolungarvíkurkaupstaður

Vesturbyggð
Fjórðungssamband Vestfirðinga
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða/
Vestfjarðastofa
Velferðarráðuneytið fyrir hönd
Fjölmennings­seturs
Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Tónlistarskóli Ísafjarðar
Hrafnseyrarnefnd
Atkonur
Snerpa ehf.

Hraðfrystihúsið Gunnvör hf.
Vestri ehf
Fjarðanet ehf
Vífílfell hf.
Skógur ehf.
Ísfang hf.
Skjól­skógar á Vestfjörðum
Skurðlæknirinn ehf.
Agar ehf
Þóroddur ehf./ Oddi hf

Stjórn 2005-2020

Tilnefnd af Ísafjarðarbæ

Halldór Halldórsson	2005-2015	stjórnarformaður 2005-2015	til vara Lárus Valdimarsson 2005-2009 Rannveig B. Þorvaldsdóttir 2009-2015
Harpa Grímsdóttir	2015-	stjórnarformaður 2016	til vara Halldór Halldórsson

Tilnefnd af rannsóknarstofnunum

Jóhann Sigurjónsson	2005-2013		til vara Magnús Jónsson 2005-2009, Árni Snorrason 2009-2013
Árni Snorrason	2013-		til vara Jóhann Sigurjónsson 2013-2017 María Ásdís Stefánsdóttir 2017-2019 Hjalti Karlsson 2019-

Tilnefnd af samstarfsnefnd háskólastigs

Hjálmar H Ragnarsson	2005-2007		til vara Þorsteinn Gunnarsson
Þorsteinn Gunnarsson	2007-2009		til vara Hjálmar H. Ragnarsson
Skúli Skúlason	2009-2013		til vara Hjálmar H. Ragnarsson
Stefán B. Sigurðsson	2013-	stjórnarformaður 2015-2016	til vara Erla B. Örnólfsdóttir

Tilnefnd af aðilum vinnumarkaðarins

Kristján G. Jóakimsson	2005-2019		til vara Laufey Jónsdóttir 2005-2007 Helgi Ólafsson 2007-2015 Ólafur Baldursson 2015-2019
Elías Jónatansson	2019-		til vara Bergvin Eyþórsson 2019-

Kosin af aðalfundi

Soffía Vagnsdóttir	2005-2009		til vara Guðrún Stella Gissurardóttir
Jóna Finnsdóttir	2009-2015		til vara Guðrún Stella Gissurardóttir
Elísabet Gunnarsdóttir	2015-		til vara Kristinn Hermannsson



Starfsmenn Háskólaáskólanetunur í júní 2020. Frá vinstri: Margrét Björk Arnardóttir kennslustjóri, Matthías Kokorsch, fagstjóri í Sjávarbyggðafraeði, Astrid Fehling verkefnastjóri (leysir af kennslustjóra frá ágúst 2020), Ingi Björn Guðnason markaðs- og kynningarstjóri, Peter Weiss forstöðumaður, Þórdís Lilja Jensdóttir, móttökuritari, Pernilla Rein verkefnastjóri/bókasafn, Guðrún Sigríður Matthíasdóttir, móttökuritari, Catherine Chambers rannsóknarstjóri. Á myndina vantar Veronica Mendez Aragon fagstjóra Haf- og strandsvæðastjórnunar, en hún hóf störf í október 2020.

Starfsmenn 2005-2020 yfirlit

Peter Weiss	100%	Forstöðumaður	01.08.05 -
Haraldur Kristinsson	100%	Vef-/tæknistjóri	01.10.05 - 30.09.07
Martha Lilja Marthensdóttir Olsen	100%	Kennslustjóri	01.01.06 - 31.08.11
Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir	100%	Verkefnastjóri	01.12.06 - 31.12.07
Sigurður Arnfjörð Helgason	100%	Verkefnastjóri	01.09.07 - 30.11.09
Ingi Björn Guðnason	100%	Markaðs- og kynningarstjóri	01.10.07 -
Sigríður G Ólafsdóttir	100%	Fagstjóri	01.01.08 - 31.12.09
Albertína Friðbjörg Elíasdóttir	100%	Verkefnastjóri	01.04.08 - 31.05.08
Pernilla Rein	40-100%	Verkefnastjóri	01.05.08 -
Jóhanna Sigurðardóttir	50%	Móttökuritari	01.08.08 - 31.08.09
Guðrún Sigríður Matthíasdóttir	100%	Móttökuritari	01.11.08 -
Margrét J Birkisdóttir	45%	Bókhald	01.11.08 - 31.12.13
Urszula Barela	100%	Ræstitæknir	01.07.09 - 31.12.13
Árný Rós Gísladóttir	50%	Móttökuritari	24.09.09 - 31.08.10
Dagný Arnarsdóttir	100%	Fagstjóri	01.01.10 - 31.08.16
Albertína Friðbjörg Elíasdóttir	25-75%	Verkefnastjóri	01.01.10 - 30.06.14
Heiðrún Tryggvadóttir	50%	Verkefnastjóri	01.01.10 - 31.10.11
Lína Beck Þorvaldsdóttir	50%	Móttökuritari	01.09.10 - 15.12.11
Þórdís Lilja Jensdóttir	50%	Móttökuritari	01.01.12 -
Kristín Ósk Jónasdóttir	100%	Kennslustjóri	20.09.11 - 31.12.18
Birna Lárusdóttir	25%	Verkefnastjóri	01.11.14 - 31.12.17
Catherine Chambers	100%	Fagstjóri	01.09.16 - 31.07.20
Astrid Fehling	25-75%	Verkefnastjóri	01.01.18 - 31.07.20
Sigurður Halldór Árnason	50%	Verkefnastjóri	01.10.18 - 07.10.19
Margrét Björk Arnardóttir	100%	Kennslustjóri	01.01.18 - í leyfi
Matthías Kokorsch	100%	Fagstjóri	15.08.19 -
Catherine Chambers	20%	Rannsóknarstjóri	01.06.20 -
Astrid Fehling	100%	Kennslustjóri	01.08.20 -
Verónica Méndez Aragón	100%	Fagstjóri	01.10.20 -



Meistararnemar haustið 2020 á Hesteyri – með hæfilegt bil sín á milli, eins og vera ber þetta ár. Nemendur læra ekki síst af hvor öðrum og af því að vera í þessu sérstaka umhverfi, þessari „tilraunastofu“ náttúru og samfélags, sem Vestfirðir eru.

Þegar einblínt er á fjölda fastra starfsmanna kann að líta út fyrir að litlar breytingar hafi orðið síðastliðin tíu ár. Þegar útvistuð störf, störf með utanaðkomandi fjármögnun og stundakennarar eru tekin með lítur myndin þó allt öðruvísi út eins og línuritið hér sýnir.


Línuritið sýnir starfsmenn yfir 15 ára tímabil. Græni sökkullinn sýnir starfsmenn sem eru á launaskrá Háskólaseturs. Þar má sjá mikinn vöxt á fyrstu árunum en litlar breytingar eftir það – þrátt fyrir fleiri og fleiri verkefni. Lengst af hafa þetta verið sex stöðugildi en eru nú í lok árs 2020 7,0.

Ofan á græna sökklinum liggur þykkt lag af útvistuðum stöðugildum. Þar á meðal er að finna bókhald, ræstingu, tækniumsón, vefumsjón, prófyfirsetu o.fl. Mörgum af þessum verkefnum hefur á ólíkum tímabilum verið sinnt af fastráðnum starfsmönnum eða verið útvistað og eru línurnar því stundum óskýrar.

Mesti vöxturinn á síðustu árum er þar fyrir ofan, í stöðugildum sem eru fjármögnuð með utanaðkomandi fjármagni. Miðað við nýlegar umsóknir í rannsóknasjóði er útlit fyrir að þessum stöðugildum fjölgi enn frekar á næstu árum. Hér ber einnig að nefna tvo fastráðna starfsmenn sem samstarfsskóli í Vermont í Bandaríkjunum ræður til sín en eru staðsettir á Ísafirði. Á árinu 2020 bættust svo við langtíma-stöðugildi sem eru launuð af utanaðkomandi aðilum t.d. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri, Fulbright-stofnuninni og með rannsóknarstýrkjum. Hér eru aðeins talin stöðugildi til a.m.k. eins árs þar sem starfsmenn eru búsettir á Vestfjörðum. Þetta háskólafolk væri ekki á Ísafirði nema vegna tilvistar og tilstilli Háskólaseturs og tekur Háskólasetrið iðulega einhvern þátt í kostnaði, t.d. með því að láta í té skrifstofupláss eða annað sambærilegt.

Ofan á allt þetta bætast stundakennarar á verktakalaunum. Þeir koma vissulega og fara, en þó samsvarar vægi stundakennara vinnuframlagi tæplega fjögurra stöðugilda. Flestir þeirra

Stöðugildi 2005-2020



tengjast meistaránámsleiðunum. Vaxandi hluti stundakennara er búsettur á Vestfjörðum.


Starfsmenn og stöðugildi hafa hlaðist utan á þann kjarna sem skapaðist með stofnun Háskólaseturs 2005.

Rétt er að taka fram að jafnvel hluti kjarnastöðugildanna er fjármagnaður með utanaðkomandi fjármagni. Hér ber að nefna áralanga þjónustu fyrir Þróunarsjóð innflytjendamála, en þó


aðallega umfangsmikið samstarf við School for International Training, SIT í Vermont í Bandaríkjunum. SIT ræður ekki aðeins til sín sína eigin starfsmenn á Ísafirði, heldur greiðir einnig leigu og kaupir töluvert af þjónustu sem er sinnt af fastráðnum starfsmönnum Háskóla­seturs.

Terturitið sýnir að kjarnastöðugildi innan Háskóla­seturs sem fara um launabókhald þess eru nokkuð nákvæmlega þriðjungur allra stöðugilda sem tengjast Háskóla­setrinu, 34% eða 6,1. Um 5% stöðugilda fjármagnast með þjónustusamningum við utanaðkomandi aðila, þjónustu við SIT, Vestrahús fyrir ritaraþjónustu og félagsmálaráðuneyti vegna utanumhalds um Þróunarsjóð innflytjendamála. Aðkeypt vinna eins og bókhald, ræstingar, tækniúmsjón og prófyfirseta o.fl. eru um 12%. Þessi stöðugildi hafa í gegnum árin ýmist verið meðal starfsmanna á launaskrá Háskóla­seturs eða út­vistað og má því líta á þau sem hluta af kjarnastarfseminni.


Vægi verkefna með tilliti til aðkeyptrar vinnu, stundakennara, afleiddra stöðugilda hjá Háskóla­setri október 2020



81% stöðugilda staðsett á Vestfjörðum



Tekjur að teknu tilliti til sjálfsaflafjár, þ.m.t. utanaðkomandi fjármögnun stöðugilda




Áður var bent á að fjöldi stundakennara sé samanlagt 3,8 stöðugildi, þar af er um hálf stöðugildi skipað einstaklingum sem eru búsettir á Vestfjörðum og hálf stöðugildi er fjármagnað af SIT.

Þegar horft er til þeirra verkefna sem þessi 17,8 stöðugildi vinna að, sést glögglega hve mikilvægar meistaranámsleiðirnar eru. Hafa ber í huga að í þessum 17,8 stöðugildum eru stundakennarar meðtaldir, ásamt starfsmönnum School for International Training og rannsóknarstöðum hjá Háskóla­setrinu, sem eru mannaðar með langtímasamningum við einstaklinga sem eru búsettir á Vestfjörðum. Þegar það er tekið með sést hvað rannsóknir skipta miklu máli, sem og starfsemi SIT.

Umfangsmikil starfsemi hefur hlaðist í kring um kjarnastarfsemi Háskóla­seturs og er utanaðkomandi fjármögnun vaxandi. Samkvæmt ársreikningi 2019 er hlutdeild fjármögnunar í gegnum Mennta- og menningarmálaráðuneytið 66,9%, en þegar stöðugildi með utanaðkomandi fjármögnun eru tekin með fellur hlutdeildin í 50%.

Um 28% stöðugilda fara ekki um bókhald Háskóla­seturs nema í undantekningartilfellum, en stöðugildin væru ekki til nema fyrir tilstilli Háskóla­seturs. Hér vega þyngst tvö stöðugildi School for International Training, en í vaxandi mæli bætast einnig við rannsóknartengd stöðugildi. Þessi kökusneið hefur stækkað verulega á aðeins einu ári vegna tilkomu rannsóknarverkefna og útlit er fyrir að hún stækki enn meira á komandi árum. Aðeins eru talin þau 4,9 stöðugildi einstaklinga sem eru með skráð lögheimili á Vestfjörðum.



Háskólasetrið er í Vestrahúsi sem var byggt sem fiskvinnsluhús og er staðsett á hafnarbakka, miðsvæðis á Ísafirði. Ljósmynd: Agúst G. Atlason.

Vestrahús og Rannsóknasamfélagið

Í Vestrahúsinu og Rannsóknasamfélaginu á Vestfjörðum er fjöldi sterkra eininga sem eru eðlilega nánustu samstarfsaðilar Háskólaseturs. Áherslur og rannsóknarvið flestallra þeirra ríma vel við áherslur Háskólaseturs á sviði haf- og strandtengdra málefna sem og byggðaþróunar. Starfsmenn þessara stofnana hafa komið að kennslu og leiðbeiningu, sem er mikils virði fyrir nemendur og Háskólasetrið í heild.

Samstarf innan Vestrahússins gengur hnökralaust þrátt fyrir enga yfirbyggingu. Umsjón með rekstri hefur í gegnum tíðina verið í höndum Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, Háskólaseturs (2008-2016) og nú Vestfjarðastofu, en ekkert stöðugildi er til að sinna rekstri hússins, sem þó telur 2600 fermetra undir starfsemi þessara stofnana.

Fræðslumiðstöð og Háskólasetrið hafa í gegnum árin þróað sín sérkenni og standa í dag sem tvær ólíkar stofnanir, sem styðja hvora aðra á margvíslegan hátt. Fræðslumiðstöð og Háskólasetrið hafa til dæmis í gegnum árin skiptst á kennslurýmum og búnaði eftir þörfum. Ómetanlegt hefur verið fyrir stofnanirnar að geta leigt kennsluhúsnæði yfir álagstíma hjá hvor annarri, án þess að þurfa að fara úr húsi. Á Covid-árinu 2020 með tilheyrandi tíðum hólfaskiptingum og hópstærðartakmörkunum hefur einmitt reynt á þetta.

Vestfjarðastofa hefur margoft aðstoðað þegar um tengingar við atvinnulífið er að ræða og margvíslegt annað samstarf er við Vestfjarðastofu, enda var Háskólasetrið frá upphafi hugsað sem tæki í jákvæðri byggðarþróun.

Þórdís Lilja Jensdóttir er annar af tveimur móttökuriturum Háskólaseturs. Hún hefur starfað hjá Háskólasetrinu frá janúar 2012 í hálfu starfi. Rítarar eru ráðnir til Háskólasetursins en vinna fyrir allar stofnanir í húsinu. Auk margvíslegra starfa í móttöku hefur Þórdís sinnt æ fleiri sérhæfðum störfum í gegnum árin. Þar má til dæmis



nefna umsjón með Þróunarsjóði innflytjendamála og innskráningu gagna í skjalavistunarkerfi. Þórdís sinnir líka prófarkalestri texta, umsóknum í íslenskunámskeið og prófyfirsetu. Hún lærði hagnýta fjölmiðlun við Háskóla Íslands enda eru skrif og íslenskt mál meðal áhugamála hennar. Einnig er hún með bakkalárpróf í lífeindafræði og vann í mörg ár á rannsóknastofum.

Þórdís á án efa flesta kílómetra að baki af öllum starfsmönnum Háskólaseturs þegar kemur að því að hjóla í vinnuna.

Margvísleg samskipti hafa verið milli Háskólaseturs og Hafrannsóknastofnunar og Snjóflóðaseturs Veðurstofunnar.

Háskólasetrið og Rannsóknarsetur Háskóla Íslands í

Bolungarvík hafa sömuleiðis í gegnum árin þróað sín sérkenni og óformlega hlutverkaskiptingu. Rannsóknasetrið einblínir á rannsóknir en Háskólasetrið sérhæfir sig í kennslu á háskólastigi. Samgangur og samstarf hefur aukist með árunum. Forstöðumaður Rannsóknaseturs hefur kennt námskeið í vistfræði og nemendur Háskólasetsurs hafa haft aðgang að frábærri rannsóknarstofu bæði í námskeiðum en þó sérstaklega í sambandi við rannsóknir í tengslum við lokaritgerðir. Þá hafa nokkrir nemendur Háskólasetsurs farið í doktorsnám við Háskóla Íslands undir handleiðslu vísindamanna við Rannsóknasetur HÍ í Bolungarvík.

Í Bolungarvík er líka Náttúrustofa Vestfjarða sem sinnir margvíslegum náttúrurannsóknum sem tengjast hafi og strandsvæðum. Í Bolungarvík er einnig að finna nýtt framtak, Djúpið frumkvöðlasetur, þar sem þó nokkrir nemendur og fyrrverandi nemendur Háskólasetsurs eru mjög virkir.

Með göngum milli norðanverðra og sunnanverðra Vestfjarða opnast tækifæri til að auka samstarf við stofnanir og fyrirtæki á þeim slóðum.

Víðtækt tengslanet Háskólasetsurs, sem og áhersla þess á kennslu, gerir það að verkum að Háskólasetrið er kjörinn samstarfs- og samræmingaraðili meðal rannsóknarstofnanna á Vestfjörðum.

Mikill samgangur er á milli stofnana og hlutverkaskipting hefur myndast.

Allt frá undirbúningsskýrslum um háskólanámssetur á Vestfjörðum, fyrir stofnun Háskólasetsurs, hefur verið lögð áhersla á að gera meira úr rannsóknum á svæðinu í gegnum aukið samstarf. Þetta markmið átti m.a. að nást með því að hafa sem flestar stofnanir undir sama þaki, í Vestrahúsinu á Ísafirði, en einnig átti stofnun Háskólasetsurs að þjóna þessu markmiði. Þessi örvun samstarfs hefur verið rauður þráður í gegnum starfsemi Háskólasetsursins undanfarin fimmtán ár.

Rannsóknarstofnanir á Vestfjörðum hafa nokkrum sinnum hittst á rannsóknarþingi, síðast árið 2019 á Hólmavík. Ljóst er að stór sameiginleg rannsóknarverkefni allra stofnana á svæðinu, þar sem eini samnefningarinn er staðsetning þeirra á Vestfjörðum, eru ekki raunhæf. Hins vegar er margt annað hagnýtt samstarf sem stofnanirnar vilja vinna að í sameiningu og gera það undir nafni Rannsóknasamfélags Vestfjarða.

Rannsóknasamfélagið á Vestfjörðum hefur lagt áherslu á að halda aðilum innan þess upplýstum um verkefni sem eru í gangi til að auka líkurnar á samstarfi þegar við á. Nú stendur yfir vinna við að gera lista yfir tæki og tól sem eru til staðar innan stofnana á svæðinu, til að stuðla að samnýtingu þegar mögulegt er. Auk þess er lögð áhersla á að kynna margvíslegt rannsóknarstarf sem unnið er á Vestfjörðum betur fyrir umheiminum.

Tvö rannsóknarþing hafa verið haldin, eitt á Ísafirði 2017 og annað á Hólmavík 2019. Til stóð að halda rannsóknarþing á sunnanverðum Vestfjörðum haustið 2020, sem frestaðist vegna heimsfaraldurs.

Haustið 2019 kom Rannsóknasamfélagið að Vísindadögum Menntaskólans á Ísafirði með því að bjóða skólanum upp á kynningar á rannsóknarstarfseminni og var almenn ánægja

Samfélag rannsókna og þróunar í Vestrahúsi og á öllum Vestfjörðum

- Hafrannsóknastofnun
- Snjóflóðasetur Veðurstofu Íslands
- Matís
- Matvælastofnun
- Fiskistofa
- Vinnumálastofnun
- Háskólasetur Vestfjarða
- Héraðssamband Vestfirðinga
- Pixel
- Þýðingarmiðstöð Utanríkisráðuneytis
- Fjölmennigarsetur
- Vestfjarðastofa
- Fræðslumiðstöð
- Djúpið Nýsköpunarsetur Bolungarvík
- Náttúrustofa Bolungarvík
- Rannsóknarsetur Háskóla Íslands í Bolungarvík
- Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Ströndum
- Blábankinn á Þingeyri
- Fyrirtækjaumhverfi við Djúp og á sunnanverðum Vestfjörðum

með það verkefni. Árið 2019 fékk Háskólasetrið styrk til að efla Rannsóknasamfélagið, en eðlilegt þykir að Háskólasetrið sem ein stærsta stofnun innan Rannsóknasamfélags og ein af fáum stofnunum með sjálfstæðan fjárhag, sinni slíkum verkefnum óháð því hvort styrkur hafi fengist eða ekki, meðan umfang verkefnis er viðráðanlegt.



Eitt af markmiðum íslenskunámskeiða fyrir skiptinema var að gera námskeiðin skemmtileg. Á morgnana fer fram nokkuð hefðbundin kennsla, en eftir hádegi býðst þátttakendum úrval af stuttum lotum sem þeir velja eftir áhugasviði. Þar má finna ratleiki og búðarall, þar sem bæjarbúar tala íslensku við nemendurna. Kór hefur alltaf verið hluti af þessum lotum, enda er tónlist frábær leið í tungumálanámi. Hér syngja nemendur á Silfurtorgi fyrir vegfarendur undir stjórn Þjarneyjar Ingibjargar Gunnlaugsdóttur.


Vettvangsskólar, sumarnámskeið og íslenskunámskeiðin

Sumarnámskeið og vettvangsskólar hafa fylgt Háskólasetrinu frá upphafi. Strax árið 2006 var haldið fyrsta sumarnámskeiðið á Hrafnseyri í samstarfi við staðarhaldara þar. Umfangsmikil sumarnámskeið í íslensku fyrir skiptinema hafa verið haldin frá árinu 2007, með styrkjum frá Erasmus- og Nordplus á árunum 2008-2013 (Nordplus til 2014). Á þeim árum fylltist Núpsskóli af háskólanemum í einn mánuð árlega, enda allt húsnæðið undirlagt og gott betur. Á 14 árum hafa samanlagt yfir 1300 manns farið í gegnum þessi námskeið, sem mælast mjög vel fyrir. Fjöldi nemenda hefur verið um 75 síðustu sex ár, enda námskeiðin haldin án styrkja. 2020 voru námskeiðin haldin með góðum árangri þrátt fyrir afbókanir vegna Covid-19 faraldursins.

Sumarnámskeið í íslensku fyrir skiptinema: Meira en 23.000 gistinætur og veltan um 160 m.kr.

Vettvangsskólar hafa heimsótt Vestfirði með aðstoð Háskólasets frá árinu 2006 og gera enn. Þyngst vegur stór samningur við School for International Training í Vermont frá 2008. Fyrstu árin var SIT hér eingöngu með vettvangsskóla

Sumarnámskeið fyrir skiptinema 2007-2020 (gistinætur)



að sumri, en frá 2016 bættust við vettvangsskólar að vori og hausti og frá 2018 meistaranám SIT í samstarfi við Háskólasetrið. Sumarnámskeiðin hafa notið mikilla vinsælda og hafa fengið mjög góða dóma. Þetta hefur haft það í för með sér að hægt hefði verið að tvíþóka þau í nokkur ár. Háskólasetrið sá sér ekki fært að bjóða upp á gestafjölskyldur fyrir slíkan fjölda yfir sumartímann. Frá sumrinu 2020 áttu



Fyrsti árgangur meistaranáms SIT. Nemendur dvelja eina önn á Vestfjörðum. Hér eru nemendur haustið 2018 ásamt forstöðumanni Háskólaseturs og fagstjóra meistaranáms SIT í Climate Change and Global Sustainability, Richard Walz (fyrir miðri mynd).

umfangsmikil sumarnámskeið SIT því að færast til Akureyrar, en vegna Covid-19 var þeim frestað í bili.

Sumarnámskeið og vettvangsskólar hafa fylgt Háskólasetrinu frá byrjun.

Skipulagning sumarnámskeiða var afar mikilvæg fyrir Háskólasetrið fyrstu árin. Með auknum verkefnum hefur þó dregið úr slíkri starfsemi, enda er hún tímafrek og ekki alltaf einfalt að fá slík námskeið metin til eininga í háskólum. Eins hefur reynst kostnaðarsamt að auglýsa stök námskeið til að ná til nemenda. Með tilkomu meistaranáms og fjölbreyttum námslotum sem í boði eru í tengslum við það, drjúgan hluta sumars, hefur Háskólasetrið einbeitt sér að því að auglýsa þessar lotur til stakra nemenda frekar en að eyða kröftum í ný sumarnámskeið.

SIT skapar stöðugildi á Vestfjörðum.

Af og til heyrir sú tillaga að Háskólasetrið eigi að halda námskeið fyrir atvinnulífið á svæðinu. Þessar raddir koma reyndar sjaldnast úr atvinnulífinu sjálfu, en þær endurspeglar hugmyndir fólks um hlutverk lítillar háskólastofnunar á landsbyggðinni. Rætt hefur verið við fiskeldisfyrirtækin á svæðinu sem geta mjög vel hugsað sér eitt og annað í tengslum við námskeiðahald. Það ber þó að hafa í huga að námskeið hjá Háskólasetrinu þurfa að vera á háskólastigi og til þess þurfa þau að vera viðurkennd af háskóla innanlands eða erlendis. Háskólar innanlands telja sig dekla vel þarfir og eftirspurn á þessu sviði. Stjórn Háskólaseturs heimilaði að halda námskeið án þess að þau hefðu fengið fullgildingu háskóla ef það er gert í nánú samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða, enda Fræðslumiðstöðin sérhæfð í endurmenntunarnámskeiðum.

Samstarf við SIT-Háskóla

SIT eða School for International Training er háskóli í Vermont í Bandaríkjunum, sem hefur sérhæft sig í námi í samstarfi við erlenda aðila. Skólinn er með fjölda útstöðva í ýmsum löndum og býður upp á vettvangsskóla á sumrin, en einnig svokallað annarnám á haustin og vorin. Frá árinu 2018 hefur SIT líka boðið upp á meistaranám og var fyrsta námsleið skólans á meistarastigi þróuð hjá og með Háskólasetri Vestfjarða.

Háskólasetrið og SIT eiga það sameiginlegt að vera mjög alþjóðlegar stofnanir. Háskólasetrið leggur sig fram um að laða fólk til Vestfjarða, á meðan SIT sérhæfir sig í að senda Bandaríkjamenn til náms út um allan heim. Þetta tvennt fer því afar vel saman.

Samstarfið hófst 2008 og hefur vaxið og dýpkað æ síðan. SIT kaupir töluverða þjónustu af Háskólasetri og er þar að auki með eigin starfsmenn á Ísafirði sem hafa vinnuáðstöðu innan veggja Háskólaseturs.

Eftirsjá er að sumarnámskeiðum sem hafa verið starfrækt á Ísafirði frá árinu 2008 en færðust annað nýverið af skiljanlegum ástæðum. Vettvangsskólar, heila önn, að hausti og vori sem og meistaranámið í Climate Change and Global Sustainability bæta þetta þó upp og gott betur.

Frá árinu 2018 hefur SIT boðið upp á meistaranám og var fyrsta námsleið skólans á meistarastigi þróuð hjá og með Háskólasetri Vestfjarða.



Hólmavík á Ströndum. Háskólasetrið býður upp á þrjá prófstaði, á Patreksfirði, Ísafirði og Hólmavík.

Fjarnámsmiðstöð fyrir Vestfirðinga

Þjónusta við fjarnema er mikilvægur liður í starfsemi Háskólaseturs og lagði ráðuneytið áherslu á umsjón með fjarnámi árið 2005. Á upphafsárum Háskólaseturs var fjarnám fremur nýtt fyrirbæri. Fyrsti hópurinn hafði farið af stað í slíkt nám við Háskólann á Akureyri sjö árum áður, 1998, einmitt á Vestfjörðum. Fjöldi fjarnema hafði vaxið hratt á þessum fáu árum, ekki síst með átaki til að fjölga réttindakennurum í grunnskólum. Ef frá er talið þetta átak hefur fjöldi fjarnema á Vestfjörðum í gegnum árin verið nokkuð stöðugur með um eitthundrað manns.

Þjónustan við fjarnema í dag er ekki lengur fólgin í fjarfundabúnaði og kennslustofum, heldur í lessvæði, vinnu-aðstöðu og prófamiðstöð.

Með meiri sveigjanleika í námi verður munurinn á staðnámi og fjarnámi óskýrari. Allir háskólar hafa nú fært sitt fjarnám á netið og gamli fjarfundabúnaðurinn hefur horfið í glatkistuna. Það að færa fjarnámið í einkatölvur þýðir að nemandinn getur í raun loksins verið staddur hvar sem er – með þeim afleiðingum að mikilvægi fjarkennslumiðstöðva minnkar.

Áralangt samstarf er á milli Háskólaseturs og Fræðslumiðstöðvar um prófyfirsetu á Hólmavík og Patreksfirði.

Í dag er hlutverk Háskólaseturs aðallega fólgið í því að þjóna fjarnemunum sem próftökumiðstöð og spara þeim þannig ótal ferða í sinn háskóla. Þetta gildir líka um nemendur sem dvelja tímabundið á Vestfjörðum, t.d. í jólafríi. Ólíkt ýmsum öðrum prófamiðstöðvum á landinu hefur Háskólasetrið ákveðið að taka ekki gjald af innlendum háskólanemendum í

Astrid Fehling leysir Margréti Björk Arnardóttur af sem kennslustjóri á meðan sú síðarnefnda er í árs leyfi. Astrid kom fyrst til Háskólaseturs á vorönn 2010 sem skiptinemi. Hún skrifaði lokaritgerð sína á Vestfjörðum og lauk M.Sc prófi í umhverfisstjórnun við Christian-Albrechts-háskóla í Kíl í Þýskalandi.



Astrid hefur unnið fjölda verkefna á Vestfjörðum í gegnum tíðna, m.a. fyrir Náttúrufestu Vestfjarða en líka fyrir School for International Training.

Frá 2011 hefur hún kennt umfangsmikið námskeið í Landupplýsingarkerfum hjá Háskólasetrinu og var ráðin sem verkefnastjóri í hlutastarfi þegar Háskólasetrið stóð fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um landupplýsingarkerfi.

Frá ágúst 2020 sinnir Astrid hinu miðlæga starfi kennslustjóra. Kennslustjóri heldur utan um allt nemendabókhalð frá umsókn til útskriftar og er í öllum þeim efnum reglulega í samstarfi við HA. Umsjón með fjarnámi og próftökum er einnig í verkahring kennslustjóra en auk þess sér Astrid um sumarnámskeiðin í íslensku.

Astrid hefur því kynnst Háskólasetri frá sjónarhorni nemanda, kennara, verkefnastjóra og nú síðast kennslustjóra.

Astrid er með besta hægindastól á hæðinni og alltaf með nóg af brjóstsykri og karamellum fyrir gesti.



fjarnámi, enda er þessi þjónusta einna mikilvægasti liðurinn í þjónustu Háskólasetsins við Vestfirðinga.

Háskólasetrið býður upp á þrjá prófstaði, á Patreksfirði, Ísafirði og Hólmavík.

Prófin árið 2019 voru um 300 og vinnustundir við prófyfirsetu um þrjár á hvert próf, samtals um 900. Við þetta bætast að minnsta kosti 200 vinnustundir við umsjón með prófum, þannig að þjónusta við fjarnám nemur ekki minna en hálfu stöðugildi. 25% prófa og 37% prófyfirsetu fór fram á Hólmavík og Patreksfirði. Þar sem Háskólasetrið er ekki með starfsfólk í Vesturbyggð né á Ströndum var samið við Fræðslumiðstöð Vestfjarða um kaup á prófyfirsetu á sunnanverðum Vestfjörðum og á Ströndum, en prófumsjón og ábyrgð á prófum er hjá Háskólasetri. Haustið 2020 var samið um að útvista einnig hluta prófaumsjónar á Ísafirði til Fræðslumiðstöðvar til að nýta starfsmenn í báðum stofnunum á sem hagkvæmasta hátt.

Fyrirkomulag prófa kann þó að breytast eins og hefur glitt í á tímum samkomutakmarkana vorið 2020. Þjónustumiðstöðvar fjarnáms í landinu munu kannski enn einu sinni þurfa að fara í gegnum miklar breytingar. Þótt fjarnámið hefði verið sett á oddinn af hálfu ráðuneytis við stofnun Háskólasetsins, og það er enn í dag mikilvægur þáttur í starfseminni, hefur umsjón með fjarnámi og prófum staðið í stað og mun fyrirsjáanlega ekki aukast á næstu árum. Hlutverk þjónustumiðstöðvar fjarnáms á Vestfjörðum felst í því að framkvæma ákvarðanir háskóla en veitir Háskólasetri engu þróunarmöguleika.

Frumgreinanám

Frumgreinanám í samstarfi við Háskólann í Reykjavík hófst 2008 en lauk um mitt ár 2015 eftir 7 ára farsælt samstarf. Til að byrja með hafði Háskólasetrið umsjón með kennslu fyrir Vestfirðinga með blöndu af staðbundinni kennslu og fjarkennslu á öllum Vestfjörðum. Eftir tvö ár gerði nemendaburð vart við sig og hefði kennsla frumgreinanáms á Vestfjörðum runnið sitt skeið að öðru óbreyttu. Árið 2010 samdi HR við Háskólasetrið um kennslu fyrstu annar í gegnum fjarnám til nemenda um allt land.

Menntabruin ekki einstefna.

Árið 2015 fór HR í verulegar og skiljanlegar skipulagsbreytingar á frumgreinanámi sínu. Þessar skipulagsbreytingar höfðu í för með sér að námið styttest og minni þörf var fyrir kennara. Við þessar aðstæður ákváðu Háskólinn í Reykjavík og Háskólasetur Vestfjarða, í góðri sátt, að best væri að láta samstarfi um frumgreinanám lokið í bili.

Þetta fyrirkomulag þar sem kennarar og utanumhald var á Vestfjörðum en nemendur á víð og dreif um landið, flestir á höfuðborgarsvæðinu, var nýmæli og sýndi að menntabruin svokallaða þarf ekki að vera einstefna frá höfuðborgarsvæðinu.

Góður aðgangur að kennurum og mikið úrval af námskeiðum

Meistaránám við Háskólsetur Vestfjarða er 120 ECTS sem dreifist á tvö námsár. Á fyrra ári eru námskeiðin í forgrunni og eiga nemendur fullt í fangi með að ljúka 75 ECTS í námskeiðslotum frá lok ágúst og fram í lok júní árið eftir. Á síðara námsári tekur við meistararitgerð, sem er 45 ECTS.

Meistararitgerðin er því mjög umfangsmikill þáttur námsins, eða rúmlega þriðjungur. Hver nemandi vinnur með sínum leiðbeinanda og er nemandum í sjálfvald sett hvort þeir dvelji á Vestfjörðum, í sínum heimalöndum eða annars staðar í heiminum, sem tengist þá oftast viðfangsefni lokaritgerðar.

Búið er að taka saman kennslu og leiðbeiningar lokaritgerða á árunum 2008 til 2020. Tölurnar varðandi lokaritgerðir byggja eingöngu á námsleiðinni í Haf- og strandsvæðastjórnun, þar sem fyrstu lokaritgerðanna úr Sjávarbyggðafraeðinni er ekki að vænta fyrr en árið 2021. Samtals hafa 1336 ECTS einingar verið kenndar á þessum 12 árum. Með tilliti til þess að frá síðasta ári hafa tvær námsleiðir verið í boði, hafa að jafnaði verið kenndar 102 ECTS á námsári í hvorri námsleið. Þar sem 75 ECTS er lágmarks fjöldi eininga sem hver nemandi þarf að taka í námskeiðum, má sjá að töluvert val er í boði fyrir nemendur. Það gerir námið aðlaðandi og spennandi, og eykur möguleika nemenda á að sérhæfa sig.

Matthias Kokorsch er fagstjóri námsleiðarinnar Sjávarbyggðafraeði. Hann er með doktorsgráðu frá Háskóla Íslands í landfræði og skrifaði ritgerð um seiglu íslenskra sjávarbyggða (*Mapping Resilience: Icelandic Coastal Communities*). Hann er með kennarapróf frá Háskóla Duisburg/Essen í Félagsvísindum og landfræði og fékkst m.a. við íslensk málefni þá. Að loknu doktorsnámi við Háskóla Íslands starfaði Matthias við rannsóknir hjá Thünen Institut for Rural Studies í Braunschweig. Matthias tók til starfa í ágúst 2019, rétt áður en fyrstu nemendurnir hófu nám í nýju námsleiðinni í sjávarbyggðafraeði.



Matthias er sendiherra Regional Studies Association. Hann hefur mest gaman af að ferðast til fjarlægra landa og ferðaðist m.a. um Hvítar-Rússland fyrir nokkrum árum. Fyrirhuguð ferð hans til Archangelsk, í norðvestur-Rússlandi, var sett á ís vegna heimsfaraldurs

UW Draft course Schedule 2021/2022 SUBJECT TO CHANGE updated Nov 2020

AUTUMN TERM			SPRING TERM			SUMMER TERM				
18 - 20 Aug	Orientation		3 Jan - 19 Apr	CMM51 Spring Seminar: Teaching Experience		2 - 13 May	CMM16 Adaptation Planning	CRD 24 Tools for Community Development	CRD08 From Extraction to Attraction: Coastal Communities in an Era of Leisure and Tourism	4
1 Sep - 10 Dec	CMM50 Fall Seminar					16 - 27 May	CMM52 Navigation, Shipping and Offshore Activities in the Arctic	CMM 09 Conflict Resolution	CRD16 Coastal Food Systems	4
23-27 Aug	CMM28 Icelandic Society and Environment		03-21 Jan	CMM24 Applied Methodology		30 May - 10 Jun	CMM04 Coastal and Marine Management: Practical Applications and Challenges		CRD13 Regional Policy Evaluation	4
30 Aug - 17 Sep	CMM03 Coastal and Marine Ecology		24 Jan - 11 Feb	CMM21 Geographical Information Systems (incl. community-based mapping)	CRD 23 Talking Science	13 Jun - 24 Jun	LIF641M Studying Marine Mammals in the Wild (University of Iceland, Húsavík) 6 ECTS		CRD20 Sustainable Waste Management in Coastal Communities	4
20 Sep - 1 Oct	CMM01 Coastal and Marine Management: Theory and Tools		14 Feb - 25 Feb	CMM22 Marine Protected Area Management	CRD14 Outlook to the Future: Coastal Arctic Scenarios					
4 - 15 Oct	CMM47 Arctic Ocean Governance (mandatory Arctic Circle participation)		28 Feb - 11 Mar	CMM 53 Fisheries Management and Technology	CMM14 Pollution in the Coastal Arctic					
18 Oct - 5 Nov	CMM31 Oceanography		14 Mar - 25 Mar	CMM41 Marine Spatial Planning	CRD19 Coping with Disasters					
8 - 19 Nov	CMM05 Environmental Economics		28 Mar - 8 Apr	CMM12 Sustainable Aquaculture	CRD09 Innovation and Entrepreneurship					
22 Nov - 3 Dec	CMM02 Physical Processes of Coastal Environments		9 - 17 Apr	Spring Break						
6 - 10 Dec	CMM19 Environmental Impact Assessment	last day of teaching: December 10th	18 Apr - 29 Apr	CMM36 Marine Renewable Energy	CRD21 Business Incubator					
11 Dec - 3 Jan	Winter Break									

Total credits offered for autumn term: 33

Total credits offered for spring term: 33

- Important dates**
- Thesis research letter of intent: April 15
 - Research proposal final deadline: June 15
- 4th Term (July 2022 to January 16, 2023):**
- Data collection/survey, writing: June - December
 - First full draft handed in for advisor: December 15
 - First full draft due back from advisor: January 5
 - Revised full draft handed in for examination: January 15
- 5th Term (January 16 to end of February / May 2023):**
- Evaluation reports, specific comments and grade back from advisor and external reader
 - Revised final copy for print handed in for confirmation of it being satisfactory as a 45 ECTS thesis
 - Final copy submitted to printer and Skemman database

CMM Core Courses
CRD Core Courses
CMM & CRD Common Core Courses
CMM & CRD Common Electives


Sjávartengd nýsköpun

Í upphafi árs 2014 var nýrri námsleið á meistarastigi hleypt af stokkunum í samstarfi við Háskólann á Akureyri og Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Sjávartengd nýsköpun er yfirskrift námsleiðarinnar en námið er sniðið að þörfum hvers og eins og því einungis gert ráð fyrir fáum námsmönnum í senn.

Ekki er gert ráð fyrir sérstökum námskeiðum fyrir þessa fáu nemendur en gert er ráð fyrir að nýta sér námskeið bæði innan Háskólaseturs og í samstarfsneti opinberra háskóla á Íslandi. Hvað það varðar er námsleiðin sjálf nýstárleg og svólítið djörf, og trúlega einsdæmi á landinu.


Umhverfi námsleiðarinnar hefur verið fremur ótryggt undanfarin ár. Námskeiðum í fjarnámi á meistarastigi hefur fækkað verulega á tímabili og hefur námsleiðin því ekki verið auglýst í nokkur ár, þá er einnig ljóst að Nýsköpunarmiðstöð Íslands verður lögð niður. Á hinn bóginn hefur námsframboð Háskólaseturs nýlega aukist verulega með tilkomu Sjávarbyggðafraeðinnar og fleiri námskeiða á sviði nýsköpunar. Fáir hafa innritast í námið, enda er því einkum beint að Vestfirðingum. Einn nemandi hefur útskrifast af námsbrautinni. Vegna námskipulagsins þolir námsleiðin vissulega bæði nemendafæð og óvissu enda hlýst ekki auka kostnaður af henni. Slíkt ástand er þó óeðlilegt til lengri tíma lítið og er námsleiðin í endurskoðun.

Á þessu sést einnig að aðgengi nemenda að kennurum er gott. Fjöldi innritaðra nemenda á þessu tímabili er 244 (árgangar 2008-2020, allir innritaðir taldir, jafnvel brottfallsnemendur, sem eru fáir). Miðað við lágmark 75 ECTS á nemanda hafa þessir 244 einstaklingar þreytt 18.300 ECTS. Á sama tíma voru í boði 1336 ECTS, sem merkir að það voru að jafnaði 13,7 nemendur á námskeið eða kennara.



THEMATIC BLOCKS

COASTAL STUDIES CMM AND CRD



Nemendum býðst tækifæri til að sérhæfa sig: Töluvert er um valnámskeið og þriðjungur náms er vinna við lokaritgerð.

Í þessu yfirliti er ekki tekið tillit til þeirra nemenda sem sækja stök námskeið við aðra skóla, né þeirra nemenda sem koma í stakar lotur við Háskólasetrið frá öðrum skólum eða úr atvinnulífnum.

Nokkuð hefur færst í vöxt að nemendur Háskólaseturs taka stök námskeið annars staðar, sérstaklega í tilfellum þar sem námsefnið tengist lokaritgerð viðkomandi. Á hinn bóginn hefur frá upphafi fjöldi nemenda tekið stök námskeið, eða heila önn við Háskólasetrið. Þetta á ekki síst við sumarönnina þegar lítið eða ekkert framboð námskeiða er við flesta háskóla.



Árið 2020 sóttu færri nemendur en venjulega Háskólahátíð á Hrafnseyri, enda ferða- og samkomutakmarkanir mestallt árið. Á Hrafnseyri er nægt pláss undir berum himni og því var auðvelt að „afhenda“ húfur með tveggja-metra-reglu á skemmtilegan hátt. Á myndinni sjást fjórir af 17 útskriftarnemendum ásamt forstöðumanni, Peter Weiss, en áður hafði Rektor HA, Eyjólfur Guðmundsson „afhent“ skirteinin, snertilaust. Húfurnar eru prjónaðar á Ísafirði og er útskriftarárið grafið í hólkin. Húfurnar voru ekki hannaðar til að fljúga, en gera það nokkuð vel. Myndina tók Gísli Halldór Halldórsson, fv. nemandi í Haf- og strandsvæðastjórnun, en fyrrverandi nemendur fjölmenna gjarnan á Hrafnseyri í tilefni Háskólahátíðar og mæta þá með sínar húfur.


Nemendur leita að góðu námi á skemmtilegum stað

Allt háskólanám sem staðsett er á upptökusvæði með innan við 5.000 manns þarf á utanaðkomandi nemendum að halda. Þess vegna tók Háskólasetrið frá upphafi stefnuna á meistaranám sem hefði sérstöðu og yrði kennt á ensku.

Nemendur sem koma til Háskólasets leita að góðu og áhugaverðu námi. Þeir koma til Vestfjarða vegna þess að námið er hér en ekki þrátt fyrir að það sé hér.


Konur eru samtals 60% nemenda. Um helmingur nemenda kemur frá Norður-Ameríku og hinn helmingurinn frá Evrópulöndum. Innlendir nemendur hafa ekki skilað sér í miklum mæli.

Nemendur eftir heimalöndum og árgangi



Guðrún Sigríður Matthíasdóttir

er betur þekkt undir nafninu Gunna Sigga eða móðir nemenda. Hún hefur lengsta starfsreynslu allra starfsmanna í Háskólasetri enda starfaði hún þegar fyrir stofnun Háskólasets fyrir Þróunarsetur.



Gunna Sigga er önnur af móttökuriturum og sinnir fjölmörgum verkefnum.

Á síðustu árum hefur Háskólasetrið tekið yfir sífellt stærra hlutfall launa móttökuritarara á móti stofnunum í Vestrahúsi, en fært í kjölfar fleiri sérhæfð störf til þeirra.

Gunna Sigga sér um bókanir á flugi og gistingu fyrir kennara sem koma til Háskólasets, prófyfirsetu og er einnig tengiliður Háskólasets við gestafjölskyldur SIT-nema. Auk þess er hún tæknimaður sem fyrst er leitað til þegar tæknin virkar ekki sem skyldi og tengiliður við útvistaða tækniumsjón.

Gunna Sigga ræður yfir súkkulaðiskúffu og bakar stundum ekta skúffu-köku, bara til að gleðja nemendur og starfsmenn.



Nemendur koma ekki til Vestfjarða til að sitja eingöngu í kennslustofum. Lögð er áhersla á að nota þá frábæru „tilraunastofu“ sem náttúra Vestfjarða er og með tilkomu meistaranáms í Sjávarbyggðafraeði er samfélagið einnig í fókusi, enda er margt skýrara í litlu samfélagi en í stóru og flóknu. Hér eru nemendur í Sjávarbyggðafraeði ásamt fagstjóra og kennara, Þóroddi Bjarnasyni prófessor við HA (fyrir miðri mynd) í vettvangsferð á Suðureyri. Ljósmynd: Ásgeir Helgi Þrastarson.

Samanburður árganga frá 2008 til 2018 sýnir að rúmlega 80% innritaðra nemenda hafa lokið námi. Fjöldi þeirra sem útskrifast á lágmarkstíma, eftir tveggja ára nám, er tæp 64%. Þau 16% sem hafa tekið lengri tíma, hafa að jafnaði lengt námið um 1,5 ár. Langflestir hafa útskrifast ári seinna, en einstaka nemendur hafa tekið hlé í lengri tíma.

80% hafa lokið námi. 14% vinna að doktorsritgerð eða hafa lokið við hana.


auknum mæli að sækja um til meistaranámsnefndar í því sambandi. Brottfall úr náminu er tæp 13%.

Eftir útskrift búa 12% útskriftarnema á Vestfjörðum og 8% aukalega annars staðar á Íslandi í að minnsta kosti tvö ár. Tekið er tillit til árganga 2008-2018, enda hafa árgangar 2019 og 2020 enn ekki útskrifast. Þegar haft er í huga að 3% nemenda eru Íslendingar er fjöldi þeirra sem festa rætur á Íslandi og taka þátt í atvinnulífnum umtalsverður eða rúmlega þrjár einstaklingar á ári að jafnaði og munar um minna í jafn fámennum landshluta og Vestfirðir eru.

Nemendur koma og fara – og þeir festa rætur.


Háskólasetur býr svo vel að vera í góðum tengslum við flesta nemendur eftir útskrift. Gögnin hér byggja því á upplýsingum um alla nemendur frá upphafi. Ekki er vitað hvað um 9% nemenda fást við um þessar mundir. Hlutfall nemenda sem eru í doktorsnámi eða hafa lokið doktorsgráðu er tæp 14%.

Afdrif nemenda í Haf- og strandsvæðastjórnun 2008-2020




Tæp 7% eru enn innritaðir eða hafa skráð sig aftur til náms. Í flestum tilfellum eru þetta nemendur sem hafa tekið skipulagt námshlé, en þó kemur fyrir að nemendur fá vinnu áður en þeir ljúka lokaritgerð og flosna þannig úr námi, en skila sér svo nokkrum árum síðar. Nýlega hefur verið skerpt á reglum um endurkomu í nám og þurfa nemendur nú í

Búseta nemenda (árgangar 2008-2020)



Störf nemenda eftir útskrift (árgangar 2008-2017)



56% útskrifaðra nemenda starfa við strandsvæðastjórnun, í þrengri merkingu, eða almennt í auðlindastjórnun og öðru sem tengist náminu á einn eða annan hátt. Sum störf útskrifaðra nemenda tengjast náminu ekki með beinum hætti, t.d. bæjarstjóri og lögmaður, en sýna á hve fjölbreyttan hátt námið nýtist. 17% eru í öðrum störfum sem ekki hafa beina tengingu við námið eða teljast tímabundin störf.

Hlutfall nýútskrifaðra nema er hærra í þessum hópi, sem er eðlilegt þegar fólk er að fóta sig á vinnumarkaði. Í yfirlitinu um störf nemenda liggja til grundvallar allir nemendur árganganna 2008-2017, þ.m.t. brottfallsnemendur.

Öflun nemenda

Hvaða gagn er að góðu námi sem enginn veit um? Háskóla Vestfjarða býður upp á sérhæft, hágæða nám á afskekktum stað sem ekki er þekktur fyrir háskólastarfsemi, hvorki innanlands né utan. Það er mikið þrekvirki að kynna þetta nám og ná til hæfra umsækjenda ár eftir ár – og það á sem hagstæðastan hátt.

Segja má að árangur Háskóla Vestfjarða hafi vakið athygli, t.d. innan Norðurlóðaháskólans, en líka meðal samstarfsaðila, enda ekki sjálfgefið að ná til góðra nemenda, ár eftir ár. Að baki þessum árangri liggur mikil vinna og yfirlega sem er lítt sýnileg dags daglega. Þessi hluti starfseminnar er nauðsynlegur, enda væri ekkert staðbundið nám á háskólastigi án nemenda.

Þar sem Háskóla Vestfjarða er staðsett á tæplega 5000 manna upptökusvæði er nauðsynlegt að ná til nemenda utan þess. Vel hefur tekist að ná til hæfra erlendra nemenda, en betur má ef duga skal til að fleiri innlendir nemendur sækji um.

Ingi Björn Guðnason sinnir markaðs- og vefmálum Háskóla Vestfjarða. Vefsíðan og samfélagsmiðlar eru mikilvægar leiðir til að miðla upplýsingum um starfsemina og ná til nemenda, hvort sem það eru tilvonandi, núverandi eða fyrrverandi nemendur. Mikilvægur þáttur í þessu starfi er að afla hæfra nemenda fyrir meistaranámsleiðirnar, enda má segja að stór hluti starfseminnar standi og falli með því að nemendur komi til náms við Háskóla Vestfjarða.



Hann er með meistargráðu í bókmenntafræði og sinnir því einnig stökum verkefnum hjá Háskóla Vestfjarða sem snúa að bókmenntum og menningu. Margskonar textagerð og þýðingar hjá Háskóla Vestfjarða eru á hans könnu ásamt uppfærslum og innsetningu efnis á samfélagsmiðlum.

Ingi Björn situr í stjórn Edinborgarhússins - menningar- miðstöðvar á Ísafirði og í stjórn Körfuknattleiksdeildar Vestra.



Kennarar

Kennarar eru jafn mismunandi og þeir eru margir – og þeir eru margir – því 201 kennari hefur komið að kennslu og leiðbeiningum í meistaranámsleiðunum Haf- og strandsvæðastjórnun og Sjávarbyggðafræði á tólf ára tímabili. Eitt eiga þessir einstaklingar sameiginlegt því allir eru þeir stundakennarar við Háskólasetrið. Enginn háskóli eða háskóladeild á Íslandi reiðir sig, eftir því sem best verður séð, eingöngu á stundakennara. Þessi leið gerir Háskólasetri Vestfjarða kleift að ráða til sín virta og mjög sérhæfða kennara.

Þegar meistaranámið hóf göngu sína haustið 2008 með námsleið í Haf- og strandsvæðastjórnun var stóra spurningin sú hvort Háskólasetrinu tækist að laða til sín kennara og nemendur. Miðað við kennslumagn einnar námsleiðar hefði þurft að ráða kennara í tæplega tvö stöðugildi, sem hefðu þá þurft að kenna öll fögin í þverfaglegu námi. Miðað við faglega breidd hefði verið mjög erfitt ef ekki ómögulegt að finna þessa tæplega tvo kennara sem gætu dekkjað þau breiðu fræðasvið sem kennslan nær til.

Því veðjaði Háskólasetrið strax frá byrjun á að fá til sín sérhæfða kennara í lotur, oftast tveggja eða þriggja vikna langar.

Með þessu fyrirkomulagi kynnast nemendur ekki aðeins sérhæfðu fagfólki heldur einnig breiðum og fjölbreytilegum hópi einstaklinga, með ólíkt tengslanet víða um heim, sem gera námið margbrotið og lærdómsríkt.

Til að stjórna slíkum kennaraskara, sem kemur til Háskólasetursins með sínar hefðir og venjur, oftast úr virtum háskólum, þarf að setja skýrar reglur. Bologna-kerfið er kjörið fyrir nýja og litla stofnun á háskólastigi, til að setja slíkar reglur. Meira þarf þó til og hefur kennarahandbók Háskólaseturs, sem er hluti af samningi stundakennara, haft orð á sér meðal þeirra fyrir að vera bæði ítarleg og skýr. Kennslustjóri og fagstjórar hafa í gegnum árin lagt sig fram við að tryggja að reglur og leiðbeiningar kennara nái utan um flest það sem komið getur upp á. Með þessu eru gæði námsleiðanna mælanleg og sambærileg milli námskeiða auk þess sem auðveldara er að takast á við mál á einfaldan hátt. Í þessu er fólgin mikil vinna sem oft og tíðum er lítt sýnileg en margborgar sig.

Á því 12 ára tímabili, frá 2008 til 2020, hefur 201 einstaklingur komið að kennslu og leiðbeiningu, þar af 99 eingöngu að leiðbeiningum meistaraþrófsritgerða. Kennarar námskeiða verða því oft fyrir valinu sem leiðbeinendur ritgerða en þó er tæplega helmingur leiðbeinenda meistaraþrófsritgerða eingöngu fengin til þess verks enda leitað að sérfræðingi í viðkomandi viðfangsefni hverju sinni.

Þessi 201 manna hópur sýnir skýrt hve mikilvægt tengslanet Háskólasetursins er. Miðað við það að kennslumagn einnar námsleiðar mætti dekkja með tveimur eða þremur fastráðnum kennurum er yfir tvö hundruð manna tengslanet mjög stórt. Það segir sig sjálf að utanumhald um þennan skara er ærið verk. Það utanumhald er í verkahring fagstjóra námsleiðanna sem sjá alfarið um að finna kennara og leiðbeinendur, setja þá inn í verkið og halda tengslum við þá.

Verónica Méndez Aragón er fagstjóri námsleiðarinnar Haf- og strandsvæðastjórnun. Hún tók til starfa haustið 2020 en hefur áður unnið hjá Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Laugarvatni. Veronica er með doktorsgráðu í vistfræði lífverusamfélaga (Community Ecology) frá University East Anglia í Bretlandi, með meistaraþróðu í lífræðilegri fjölbreytni (Biological Diversity) frá Háskólanum í Plymouth og bakkalárgráðu í sjávarlífræði frá Barcelona. Hún hefur unnið við vísindastörf, bæði í Bretlandi og á Íslandi og hefur sérhæft sig í fuglarannsóknnum. Áður en Veronica réðst til starfa sem fagstjóri hefur hún leiðbeint nemandum hjá Háskólasetrinu í lokaritgerðum og hafði því innsýn í starf fagstjóra frá þeirri hlið, enda er eitt af fjölmörgu verkefnum fagstjóra að leggja til kennara og leiðbeinendur og að halda utan um lokaritgerðarferli nemenda. Verónica er meðlimur í félagi breskra fuglafræðinga (British Ornithologists' Union) og alþjóðlega vaðfugla rannsóknarhópnum, International Wader Study Group.




Frá árinu 2015 hefur Veronica rannsakað breytingar í hegðun farfuglsins tjalds. Mest alla ævi hefur hún sjálf hegðað sér eins og farfugl en er nú sest að á Ísafirði til fá endanlegan botn í það hversvegna sumir farfuglar kjósa að setjast að á Íslandi.

Fjöldi einstaklinga segir þó ekki alla söguna. Þegar kennarar eru flokkaðir eftir kennslumagni, kemur í ljós að þeir 10 kennarar sem hafa kennt mest, dekkja 40% kennslumagns og þeir 25 virkustu ná að kenna 65% alls kennslumagns (kenndar ECTS einingar). Þessir kennarar eru einnig leiðbeinendur 32% meistaraþrófsritgerða. Þessar tölur sýna að þrátt fyrir þann mikla fjölda kennara og leiðbeinenda sem komið hefur að námsleiðunum, er fastur kjarni til staðar.

Kennsla: stöðugleiki og sveigjanleiki

Hinir kennarar 77 dreifast á 35% kennslumagns.



Virkustu 10 kennarar kenna 40% alls kennslumagns á tólf ára tímabili.

15 kennarar í viðbót kenna 25% alls kennslumagns.



Margir kennarar hafa komið að kennslu við Háskólasetrið í mörg ár. Jamie Alley, hér í miðri mynd ásamt Peter Weiss forstöðumanni og Catherine Chambers þáverandi fagstjóra, hefur sinnt kennslu í meistaranáminu frá árinu 2011. Hann lét af störfum árið 2019 og var þakkað fyrir vel unnin störf. Jamie Alley hefur ekki aðeins sinnt kennslu, því hann hefur einnig hvatt nemendur sína í Bresku Kólumbíu í Kanada til að sækja nám við Háskólasetrið og þannig „sent“ a.m.k. einn nemanda árlega til Íslands. Flestir þessara nemenda eru nú aftur snúnir heim til Kanada og mynda góðan skara sendiherra Háskólaseturs á Vesturströnd Kanada.

Með þessu nýtur Háskólasetrið bæði sveigjanleikans, sem fólgin er í því að reka námsleiðir með stundakennurum, og stöðugleikans, sem fastur kennarahópur óneitanlega er.


Tveir þriðju hluta kennara og 80% leiðbeinenda með doktorspróf.

Það er áhugavert að skoða hvaðan kennararnir í hópnum koma. Markmið er að fá sérhæfða kennara en að sjálfsögðu er kennaravali Háskólaseturs ákveðin takmörk sett. Stundakennarataxti annars vegar og ferðakostnaður hins vegar takmarka að einhverju leyti. Auk þess er eitt af markmiðum Háskólaseturs að skapa störf á Vestfjörðum og tengjast rannsóknarstofunum á svæðinu. Það sem kemur kannski mest á óvart er að yfir allt tímabilið (2008-2020) hefur tekist að manna 15% kenndra og leiðbeindra ECTS með fólki sem búsett er á Vestfjörðum og fer þessi tala hækkandi. Þegar aðeins er horft til áraanna 2015-2020 er talan komin í 21%. Hér ber aðallega að nefna starfsmenn rannsóknastofnanna á Vestfjörðum, sem hafa komið að kennslu og sér í lagi að leiðbeiningum. Að öðrum ólöstuðum má nefna kennara sem starfa hjá Hafrannsóknarstofnun á Ísafirði og kennara frá Rannsóknasetri HÍ í Bolungarvík, en auk þess hafa fagstjórnir sjálfir alltaf tekið að sér hluta af kennslu.


Hlutfall kvenkyns kennara fer hækkandi.

Í þverfaglegu og hagnýtu námi í strandsvæðastjórnun eða byggðafraeði eru ýmis fög þess eðlis að hæfustu kennarana, og þá sem hafa bestu reynslunni að miðla til nemenda, er að finna í atvinnulífinu. Þess vegna leitar Háskólasetrið eftir góðu jafnvægi milli kennara úr atvinnulífinu og akademískra kennara. Þegar kemur að leiðbeiningum lokaritgerða er áhersla lögð á að leiðbeinandi eða prófdómari sé með doktorspróf.


Búseta kennara m.v. ECTS-fjöldi kennt 2008-2020




Menntun kennara (1336 ECTS kennd 2008-2020)



Menntun leiðbeinenda (7590 ECTS leiðbeind 2008-2020)



Konur og karlar miðað við ECTS-fjölda kennt



Kennarar með hæst hlutfall kennslu á tímabilunum 2008-2020 og 2015-2020

NAFN	KENND ECTS 2008-2020	KENND ECTS 2015-2020	
Gabriela Sabau	80	34	PhD, Professor of Economics/Environmental Studies, Memorial University, Grenfell Campus, Newfoundland
Brad Barr	74	36	PhD, NOAA/ONMS Maritime Heritage Program, Boston
Einar Hreinsson	72	36	MSc, Researcher at the Icelandic Marine and Freshwater Research Institute, Ísafjörður
Astrid Fehling	53	42	MSc, Project manager at University Centre of the Westfjords
Peter Krost	48	38	PhD, Coastal Research and Management (CRM) Executive Partner, Kiel
Mike Philips	44	16	PhD, Professor at University of Wales and College of the North Atlantic, Qatar
Patricia Manuel	42	20	PhD, Associate Professor at School of Planning, Dalhousie University, Halifax, Nova Scotia
Jamie Alley	40	20	MRM, Natural Resource And Environmental Management Specialist, Victoria, British Columbia
Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir	36	24	PhD, Director of University of Iceland's Research Centre in Bolungarvík/Westfjords
John Colton	36	28	PhD, Professor and Head, Department of Community Development, Acadia University, Wolfville, Nova Scotia
Michael Honeth	34	34	MMM, Consultant in marine and coastal resource management, Aruba
Pernilla Carlsson	31	28	PhD, Researcher, Department of Environmental Chemistry and Technology, Norwegian Institute for Water Research, Tromsø
Marc L. Miller	26	0	PhD, Professor emeritus, College of the environment (School of Marine Affairs), University of Washington
Jónas Páll Jónasson	24	18	PhD, Senior scientist at the Icelandic Marine and Freshwater Research Institute, Hafnarfjörður
Gunnar Páll Eydal	24	20	MRM, Resource and Environmental Manager at Verkís hf., Ísafjörður
Angelika Renner	24	20	PhD, Research Scientist, Institute of Marine Research, Tromsø
Dagný Arnarsdóttir	23,5	11	MSc, Specialist at the Icelandic Ministry of the Environment and Natural Resources
Rodrigo Menafra	22	0	MMM, Research Manager at the Offshore Energy Research Association of Nova Scotia (OERA)
Lawrence (Larry) Hildebrand	22	0	PhD, World Maritime University Adjunct Professor, Malmö
Áslaug Ásgeirsdóttir	20	12	PhD, Professor of Politics. Associate Dean of the Faculty at Bates College, Maine
Auður H. Ingólfssdóttir	20	0	PhD, Researcher at Icelandic Tourism Research Centre, Akureyri
Albertína F. Elíasdóttir	20	9	MSc, Icelandic Parliament
Pétur Dam Leifsson	20	10	LLM, Assistant Professor of Law at University of Iceland
Guðni Elísson	18	8	PhD, Professor at University of Iceland
Catherine Chambers	17	17	PhD, Program Director at University Centre of the Westfjords
Albína Hulda Pálsdóttir	16	8	MA, Research Specialist at Iceland's Agricultural College and at Íslenskar Fornleifarannsóknir ehf.
Zoi I. Konstantinou	12	12	PhD, University of Porto and University of Thessaloniki
Anne Mette	12	12	MA, Consultant at Kolleg für Management und Gestaltung nachhaltiger Entwicklung, Berlin
Dan Govoni	12	12	PhD candidate, Academic Director for SIT Semester Program, Ísafjörður
James Kennedy	12	12	PhD, Icelandic Marine and Freshwater Research Institute, Skagaströnd and Ísafjörður



Nemendur eru innritaðir í Háskólann á Akureyri og útskrifast þaðan. Á 17. júní boðar Háskólasetið árlega til Háskólahátíðar, í tilefni útskrift meistaranema. Athófnin á sér stað á Hrafnseyri, oftast undir berum himni. Árið 2020 mættu færri en venjulega vegna heimsfaraldurs, en á myndinni eru líka nokkrir fyrrverandi nemendur sem eru búsettir á Vestfjörðum. Háskólahátíð er e.t.v. óformlegri en víða annars staðar. Rector Háskólans á Akureyri hefur árlega gert sér ferð frá Akureyri og verður þá háskólahátíð að alvöru útskrift.

Samstarf við Háskólann á Akureyri

Háskólasetur Vestfjarða er sjálfstæð stofnun sem starfar á háskólastigi. Háskólasetrið er hins vegar ekki háskóli en gerir samninga við háskóla til að fá fullgildingu náms sem boðið er upp á við setrið. Þessi fullgilding er forsenda þess að námið sé viðurkennt innanlands sem utan.

Háskólasetrið samdi við Háskólann á Akureyri um fullgildingu námsleiðarinnar Haf- og strandsvæðastjórnun árið 2008 og aftur um fullgildingu námsleiðarinnar Sjávarbyggðafræði árið 2018.

Samstarfið hefur þróast með ágætum og ríkir gagnkvæmt traust.

Frumkvæðið að þróun námsleiðanna, gerð kennsluáætla, námsleiðslýsinga, setningu hæfniviðmiða og gerð samninga við háskóla er í höndum Háskólaseturs. Eftir að búið er að semja um fullgildingu, eru allar auglýsingar, nemendaskráning, val á kennurum, tillögur að breytingum og allt utanumhald með námi og nemendum í höndum Háskólaseturs, sem og fjárhagsleg ábyrgð.

Háskólinn á Akureyri fer hins vegar með gæðaeftirlit samkvæmt gerðum samningi. Námið hjá Háskólasetrinu er talið með þegar ráðuneytið gerir úttekt á Háskólanum á Akureyri og því er mikilvægt fyrir báða aðila að námið standist ítrustu gæðakröfur.

Við endurnýjun samnings árið 2018, þegar nýrri námsleið í Sjávarbyggðafræði var bætt við, var ákveðið að láta námsleiðirnar hjá Háskólasetrinu vera sýnilegri á vefsíðu HA. Fram að því voru tenglar á námsleiðirnar á vefsíðu HA ekki auðfundnir en nú eru allar helstu upplýsingar námsleiðanna staðsettar á vefsíðu Háskólans á Akureyri með námsleiðum HA.

Sömuleiðis var samið um aðgang að námsumsjónarkerfinu Uglu og kennsluumsjónarkerfinu Canvas í gegnum HA. Afnot af þessum kerfum væru óhagstæð, ef ekki óviðráðanleg, fyrir litla stofnun á borð við Háskólasetrið.

Innleiðing nýrra kerfa er lítt sýnileg út á við, en með henni er stigið stórt skref og liggur mikil vinna að baki slíku. Þessi skref eru tekin til að halda betur utan um vaxandi fjölda nemenda og kennara.

Nemendum og kennurum stendur því til boða gott kennsluumsjónarkerfi og nemendur geta treyst því að gögn um nám þeirra séu í traustu kerfi sem er samtengt námsumsjónarkerfi HA.

Vonir standa til að Uglan verði nothæf sem umsóknarkerfi frá haustinu 2021 m.v. þarfrir Háskólaseturs, sem eru að mörgu leyti öðruvísi en gengur og gerist í háskólum landsins.

Þar sem Háskólasetrið er ekki sjálfstæður háskóli getur það ekki gert samninga á eigin vegum í gegnum Erasmus-eða Nordplus-áætlanirnar. Hinsvegar getur Háskólasetrið



Á Háskólahátíð standa ekki aðeins útskriftarnemendur í námsleiðum hjá Háskólasetri á palli. Þar mæta líka fjarnemar og svo koma nemendur sem útskrifuðust á árunum áður til að sækja sína húfu. Einnig mæta fyrrverandi nemendur og verða húfurnar því fleiri og fleiri með árunum. Á þessari mynd eru auk nemenda rektor fyrir miðju – og forseti Íslands, hr. Guðni Th. Jóhannesson, sem heimsótti Hrafnseyri á Þjóðhátíðardaginn árið 2018.

gert slíka samninga í gegnum North-to-North áætlun Norðurslóðaháskólans (University of the Arctic) og tvíhliða samninga eins og samning Háskólaseturs við Memorial háskólann á Nýfundnalandi.

Varðandi gerð Erasmus- og Nordplus-samninga hefur myndast mjög gott samstarf við alþjóðaskrifstofu HA, sem hefur gert þó nokkra samstarfssamninga fyrir hönd Háskólaseturs. Hafa ber í huga að slíkir samstarfssamningar gilda þá almennt fyrir bæði HA og Háskólasetur. Bæði HA og Háskólasetrið leggja áherslu á sjávar tengd málefni og byggðaþróun og eru slíkir samningar því báðum stofnunum í hag.

Samstarfið við Háskólann á Akureyri er með ágætum. Það er hnökralaust og byggir á gagnkvæmum skilningi og trausti. Þess háttar samstarf er fáséð og einsdæmi a.m.k. hér á landi. Háskólasetrið er sjálfstæð stofnun sem vinnur eins og háskóli, án þess að gera tilkall til að teljast slíkur, en tryggir gæði náms í gegnum samstarfssamninga og gæðaeftirlit virts háskóla. Eðlilega hefur reynst erfitt að útskýra þetta fyrir samstarfsaðilum innanlands sem utan. Sumir sem tengjast eingöngu meistaranáminu telja Háskólasetur vera deild innan HA. Ef aðeins er horft á meistaranámsleiðirnar í samstarfi við HA kann það vissulega að líta svo út. Hins vegar eru meistaranámsleiðirnar aðeins um 40% starfsemi Háskólasetursins í dag.



Bókasafn


Á fyrstu árum Háskóla Vestfjarða var safnkostur bókasafnsins dreifður um húsaáráttir en á haustdögum 2016 var tekið í notkun sérstakt rými fyrir bókasafnið sem varð um leið aðgengilegra og jók sýnileika þess. Haustið 2020 var svo innréttað nýtt bókasafn, með lesaðstöðu, í miðrými Háskóla Vestfjarða. Þessi nýja aðstaða er hin glæsilegasta og gerir bókasafnið að hjarta Háskóla Vestfjarða.

Safnkosturinn telur nú tæplega 850 titla af bókum og


öðrum miðlunargögnum. Má þar aðallega finna fræði- og námsbækur, enda er meginþorri safnkostsins sérhæft fagbókasafn á sviði sjávartengdra málefna, umhverfis- og byggðafræða. Þar að auki má finna fræðslumyndir, sjókort, handbækur, kort og ýmislegt vestfirskt ásamt öðru tilfallandi.

Safnkosturinn er sýnilegur út á við og leitarhæfur á vefnum www.leitir.is þar sem safngögn eru skráð í bókasafnskerfið Gegni, samskrá íslenskra bókasafna.


Library collection growth 2011-2020



Sérhæft bókasafn með hátt hlutfall „einstakra“ titla



Pernilla Rein sleit barnskónum í Gautaborg í Svíþjóð og hefur starfað hjá Háskóla Vestfjarða sem verkefnastjóri síðan vorið 2008 og er í hlutastarfi. Hún er með próf í bókasafns- og upplýsingafræði með sérhæfingu í upplýsingastjórnun frá Höskolan í Borås/Bibliotekshöskolan. Uppbygging safnkosts Háskóla Vestfjarða hefur verið í



hennar höndum auk þess sem hún sér um skjalastjórnun. Í gegnum árin hefur Pernilla sinnt ýmsum öðrum verkefnum, svo sem móttöku vettvangsskóla og umsýslu með Þróunarsjóði innflytjendamála. Pernilla starfar einnig á almenningsbókasafninu á Ísafirði og bókasafni Menntaskólans á Ísafirði.

Pernilla hefur unun af náttúru og útvist; gönguferðum, fjallgöngum og skíðagöngu. Á sumrin bregður hún sér í starf landvarðar og hleður batterín í friðlandinu á Hornströndum. Þá er hún félagi í Kvennakór Ísafjarðar og situr í stjórn Gígjunnar, samtaka íslenskra kvennakóra.

Rannsóknir

Rannsóknavirkni Háskólasetursins hefur aukist jafnt og þétt síðastliðin 15 ár. Þessi aukning hefur leitt af sér að staða rannsóknastjóra var stofnuð árið 2020. Hlutverk rannsóknastjóra er að hafa yfirsýn yfir rannsóknir fagstjóra meistaranámsleiðanna og rannsóknartækifæri fyrir nemendur. Einnig hefur rannsóknastjóri umsjón með styrkumsóknum og heimsóknum gestafræðimanna.

Nemendur í meistaranámi við Háskólasetrið vinna alltaf rannsókn í tengslum við lokaverkefni sitt. Til viðbótar við þetta hefur rannsóknarvirkni nemenda aukist af tveimur ástæðum. Annarsvegar vegna fjölgunar styrkja sem nemendur hafa hlotið vegna lokaverkefna og hinsvegar vegna útgáfu rannsóknarniðurstöðna lokaverkefna í ritryndum tímaritum.

Í auknum mæli sækja nemendur um styrki og annan stuðning fyrir rannsóknir lokaverkefna. Það eykur sýnileika rannsóknastarfsemi Háskólasetursins og staðfestir mikilvægi rannsóknarviðfangsefnanna fyrir rannsóknarsamfélagið í víðum skilningi. Nemendur hafa hlotið styrki frá íslenskum stofnunum á borð við Byggingastofnun, Vestfjarðastofu, Umhverfisstofnun og Nýsköpunarsjóð námsmanna. Einnig hafa nemendaverkefni hlotið stuðning frá Hafrannsóknarstofnun og sjávarútvegsfyrirtækjum. Auk þess hafa nemendur fengið styrki frá alþjóðlegum stofnunum, sem dæmi hlaut einn nemandi styrk frá slíkum aðila til að kaupa dróna sem síðan rann til Háskólasetursins að lokinni rannsókn viðkomandi. Uppbygging rannsóknarbúnaðar er enn einn vaxtarsproti rannsóknna við Háskólasetrið og njóta nemendur góðs af því að geta fengið lánaðan búnað fyrir rannsóknir sínar.

Rannsóknir er sá þáttur starfseminnar sem hefur vaxið hvað hraðast undanfarið og eru líklegar til að vaxa enn frekar á næstu árum.

Útgáfa nemenda á rannsóknarniðurstöðum sínum í alþjóðlegum ritryndum tímaritum hefur aukist umtalsvert. Birtingar nemenda er að finna í tímaritum á borð við *Coastal Management Scientific Reports*, *Marine Pollution*, *Regional Studies Association*, *Environment Space Place*, *Tourism Geographies*, og *Maritime Studies*. Sérhver útgáfa eykur sýnileika Háskólasetursins í vísindasamfélaginu og gerir það þar með að áhugaverðari kosti fyrir kennara og leiðbeinendur sem sjá vísindaframlag Háskólasetursins. Oft velja nemendur kennara Háskólaseturs sem leiðbeinendur og þegar rannsóknarniðurstöðurnar eru gefnar út í tímaritum er samband viðkomandi kennara við Háskólasetrið iðulega nefnt í því samhengi.

Að frátöldum rannsóknnum nemenda og leiðbeinenda, eru starfsmenn Háskólaseturs (fagstjórar og rannsóknastjóri) virkir í rannsóknnum á sínum sérsviðum. Um þessar mundir, árið 2020, leiðir Háskólasetrið stórt verkefni sem styrkt er af Norrænu ráðherra nefndinni, auk þess sem starfsmenn Háskólaseturs eru aðalrannsakendur í tveimur NordForsk verkefnum, öðru verkefni sem styrkt er

Catherine Chambers kom fyrst til liðs við Háskólasetrið árið 2016, sem fagstjóri Haf- og strandsvæðastjórnunar. Áður hafði hún bæði komið að kennslu í náminu og leiðbeiningu lokaverkefna. Sumarið 2020 tók hún við stöðu í stóru rannsóknarverkefni á vegum Stofnunar Vilhjálm Stefánssonar, en færðist á sama



tíma í nýja stöðu rannsóknastjóra Háskólaseturs. Staðan er hlutastarf en endurspeglar vaxandi mikilvægi rannsókna við Háskólasetrið. Catherine Chambers er með doktorsgráðu í Sjávarútvegsfræði (Fisheries) frá University of Alaska, Fairbanks, meistargráðu í dýrafræði frá Southern Illinois University og með bakkalárgráðu frá Drake University í umhverfisvísindum. Hún kom fyrst til Íslands sem starfsmaður fiskeldis- og fiskalífrræðideildar Háskólans á Hólum, en réði sig svo sem sérfræðingur í strandmenningu til Þekkingarseturs Blönduóss í nokkur ár áður en hún kom vestur á Ísafjörð. Rannsóknastjóri heldur utan um vaxandi fjölda rannsóknarverkefna, kynnir styrkjamöguleika fyrir nemendur og aðstoðar eftir föngum þegar kemur að styrkumsóknum. Auk þess er það í verkahring rannsóknarstjóra að efla Rannsóknasamfélagið á Vestfjörðum. Catherine situr í ýmsum nefndum og ráðum og má þar nefna Arctic Council SDWG (Sustainable development working group) representative to Marine Littler plan project; IASC (International Arctic Science Consortium) Icelandic representative to the Social and Human Working Group; Vice-chair of the UArctic Thematic Network on Ocean Food Systems; Project partner in Research Coordination Network “Migration in Harmony: A resilient, just, and sustainable Arctic in motion”

Cat geymir talsvert magn af strandreknu rusli á skrifstofunni sinni, samstarfsfólki sínu til ama. Hún kallar þetta rusl „rannsóknargögn“.

af Norrænu ráðherra nefndinni, einu US National Science Foundation verkefni, einu Ocean Frontiers Institute Canada verkefni, einu Rannís verkefni og tveimur verkefnum hjá Norðurslóðaháskólanum (UArctic) á sviði menntunar. Auk þess sinna þessir starfsmenn akademískum störfum innan Háskólasetursins sem leiðbeinendur lokaritgerða nemenda og sem leiðbeinendur og prófdómarar doktorsritgerða við íslenska háskóla. Að lokum sinna akademískir starfsmenn Háskólaseturs verkefnum á borð við ritryni fyrir tímarit á þeirra sérsviði, auk þess að gefa út eigin rannsóknarniðurstöður. Á árunum 2017 til 2020 hafa fagstjórar og rannsóknastjóri Háskólaseturs gefið út fjórar tímaritsgreinar og fjóra bókarkafla. Í þremur tilvikum voru þeir meðhöfundar greina meistaranema.

Háskólasetrið gefur iðulega út samstarfsyfirlýsingar til að aðstoða rannsóknarfólk og nemendur háskóla sem vilja dvelja við Háskólasetrið vegna rannsókna. Sé aðeins litið aftur til ársins 2017 hefur Háskólasetrið hýst þrjá doktorsnema, tvo Fulbrigh vísindamenn og tvo prófessora í rannsóknarleyfum.





Ráðstefnur 2005-2020

Háskólaþing Vestfjarða hefur frá stofnun haldið ráðstefnur og málþing, oftast í samvinnu við rannsóknarstofnanir á Vestfjörðum eða í tengslum við viðfangsefni meistaranámsins, eins og listinn hér til hliðar sýnir glögglega. Stærsta ráðstefnan síðustu ár var án efa alþjóðlega CoastGIS 2018-ráðstefnan með um 100 þátttakendum. Var kennari landupplýsingarkerfa (LUK/GIS), Astrid Fehling, fengin sem verkefnastjóri til að undirbúa ráðstefnuna. Burtséð frá föstum kjarna þátttakenda á CoastGIS-ráðstefnum teflir hver gestgjafi fram sínu tengslaneti og kom það Alþjóðlegu CoastGIS undirbúningsnefndinni á óvart hve virkt tengslanet lítillar stofnunar á borð við Háskólaþing Vestfjarða er á þessu sviði. Svo skemmtilega vill til að næsta CoastGIS-ráðstefna verður haldin árið 2021 hjá samstarfsskóla í Finnlandi, Yrkeshögskola Novia í Ekenäs.

Úrval ráðstefna

- Ráðstefnan um íslenska þjóðfélagið 2020 (frestað til 2021)
- Lesið í sköpunarkraft Vestfjarða 2020 (frestað til 2021)
- CoastGIS 2018
- Lesið í sköpunarkraft Vestfjarða 2018
